

Sp. 588. Tillaga til þingsályktunar [338. mál]

um úttekt á samskiptum menntamálaráðuneytis og fræðsluumdæmis Norðurlands eystra.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kolbrún Jónsdóttir,
Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd er hafi það verkefni að gera úttekt á samskiptum menntamálaráðuneytis og fræðsluumdæmis Norðurlands eystra.

Í nefndina skal skipa einn samkvæmt tilnefningu fræðsluráðs Norðurlandsumdæmis eystra, einn samkvæmt tilnefningu menntamálaráðuneytis og einn samkvæmt tilnefningu Ríkisendurskoðunar og verði hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skal kanna alla þætti þessa máls er varða þá deilu sem upp er komin milli fræðsluráðsins og menntamálaráðuneytisins eftir því sem henni þykir ástæða til, þar á meðal réttmæti brottvikningar fræðslustjóra umdæmisins úr starfi.

Nefndin hafi fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum og einstaklingum eftir því sem nauðsynlegt reynist til að skýra málið í heild og einstök atvik þess.

Nefndin skal hraða störfum sínum eins og kostur er og semja skýrslu um störf sín og verði hún birt opinberlega.

Þá ályktar Alþingi að beina því til menntamálaráðherra að skipa einungis tímabundið í stöðu fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra þar til niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir, auk þess sem samið verði við fyrrverandi fræðslustjóra um kjör hans og réttindi til sama tíma.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

G r e i n a r g e r ð .

Deilur þær, sem upp hafa komið milli fræðsluyfirvalda í Norðurlandsumdæmi eystra og menntamálaráðuneytisins, hafa staðið lengi án þess að niðurstaða sé í auglýsni.

Þegar liggja fyrir tvö þingmál um efnið sem að mati flutningsmanna þessarar tillögu eru ekki til þess fallin að leysa deiluna í þeirri stöðu sem hún er nú og miðað við gang mála á undanförunum dögum. Raunar má álíta að þau geti fremur spillt fyrir farsælli lausn en stuðlað að niðurstöðu sem ásættanleg er fyrir alla aðila. Að auki má benda á að ekki getur talist heppilegt að Hæstiréttur gerist óbeinn aðili málsins eins og gert er ráð fyrir í þeim þingmálum sem nú liggja fyrir þar sem málið kann að koma fyrir Hæstarétt á síðari stigum þess.

Engu síður telja flutningsmenn þessarar tillögu að málið sé í þeim hnút að Alþingi verði að láta það til sín taka þar sem ólíklegt verður að teljast að deiluaðilar geti komist að sameiginlegri niðurstöðu. Ef farsæl og árangursrík niðurstaða á að fást er nauðsynlegt að tillaga, sem lögd er fyrir Alþingi um lausn málsins, taki mið af sjónarmiðum og hugmyndum beggja deiluaðila sem fram hafa komið. Telja verður að slíkt tryggi frekar að samstaða geti náðst á vettvangi Alþingis. Þess vegna er þessi tillaga flutt.